

8. gr.

Búfénað sem gengur laus í kaugtúnu, gagnstætt fyrirælum samþykktar þessarar skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendur slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans, fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta það tjón er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu búpenings varðar það sektum og leyfissviptingu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um búpening sem er í eigu annarra en íbúa Hvammstangahrepps.

9. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi.

10. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaugtúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1981

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 645 2. desember 1981, um breyting á reglugerð nr. 309 20. júní 1981, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

Svohljóðandi ákvæði 2. gr.:

„Allar loðnuveiðar eru bannaðar austan 14° v.lgd. milli 66° n.br. og 67° n.br.” er fellt niður.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 59/1966 um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, sbr. reglugerð nr. 555/1980.

1. gr.

Í stað „iðnaðarmálaráðuneytisins“ í 1. gr. komi: „iðnaðarráðuneytisins.“

2. gr.

Í 6. tölulið 2. gr. falli niður: „kr. 800,00.“

3. gr.

Í 5. tölulið 5. gr. falli niður: „kr. 200,00.“

4. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Umsókn um einkaleyfi skal vera á íslensku. Ráðuneytinu er heimilt að krefjast þess að umsækjandi leggi fram íslenska þýðingu af þeim fylgiskjölum er umsókninni fylgja og því eru send á erlendum tungumálum.“

5. gr.

2. mgr. 8. gr. hljóði svo:

„Um gjöld fyrir einkaleyfi fer samkvæmt lögum nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim. Um önnur gjöld fer samkvæmt reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.“

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.